

REGLUGERÐ

um Rithöfundasjóð Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu stjórnar Rithöfundasambands Íslands og einn án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Rithöfundasambandið tilnefni ekki sömu menn tvisvar í röð.

Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af óskiptu fé sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Rithöfundasjóðs úthlutar úr sjóðnum þeirri fjárhæð sem hann hefur yfir að ráða samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1976.

Úthlutunarfé skal skipt í tvo jafna hluta.

Skal öðrum helmingi fjárens úthlutað til rétthafa samkvæmt bókaeign þeirra í almenningubókasöfnum. Skulu söfnin skila skýrslum um eintakafjölda höfunda fyrir 1. október ár hvert til Rithöfundasjóðs. Skrifstofa Rithöfundasambands Íslands annast dreifingu þessa fjár til rétthafa þar til sjóðsstjórn ákveður annað, enda greiðir sjóðurinn kostnað við dreifinguna.

Hinn helmingur úthlutunarfjár sjóðsins skal veittur einstökum höfundum til viðurkenningar fyrir ritstörf. Sjóðsstjórn er heimilt að veita ekkjum, ekkjum og niðjum nýlátinna rithöfunda úr sjóðnum séu ríkar ástæður fyrir hendi. Úthlutun þessari skal lokið fyrir 15. maí ár hvert.

Þá er og heimilt að veita þýðendum framlag úr sjóðnum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett í samráði við Rithöfundasamband Íslands samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina St. Jósefsspítala, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. febrúar 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina St. Jósefsspítala, Reykjavík.

Í samræmi við kaup ríkisins á St. Jósefsspítala, Reykjavík, sbr. kaupsamning dags. 26. nóv. 1976, stofnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið til sjálfseignarstofnunar með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Stofnunin heitir Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru þær eignir, sem ríkissjóður leggur stofnuninni til og þær eignir, sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka St. Jósefsspítala í Reykjavík.

4. gr.

Stofnunin hefur starfsemi sína 1. janúar 1977. Þá tekur stofnunin við rekstri St. Jósefsspítala í Reykjavík með fullri ábyrgð. Stofnunin tekur þá við öllum skyldum ríkisins samkvæmt kaupsamningi dags. 26. nóv. 1976.

5. gr.

Stofnunin leigir samkv. sérstökum leigusamningi við ríkið allar fasteignir með lóðaréttindum auk allra innréttinga, tækja, áhalda og alls þess, sem nú tilheyrir St. Jósefsspítala.

Leigugreiðsla er engin.

Leigutími er 20 ár frá 1. janúar 1977 að telja.

Ríkið skuldbindur sig til þess að sjá spítalanum fyrir rekstrarfé til reksturs starfseminnar.

6. gr.

Sjálfseignarstofnuninni stjórnar fulltrúaráð, skipað 21 fulltrúa, sem heilbrigðismálaráðherra tilnefnir. Falli einhver fulltrúaráðsmanna frá, eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum, skal heilbrigðismálaráðherra skipa fulltrúa í hans stað að fengnum tillögum fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þsvar sinnum á ári. Fyrir ráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun sjúkrahússins svo og ársreikninga hverju sinni.

Fulltrúaráðið gerir tillögu til ráðherra um skipun þja manna í stjórn spítalans sbr. 32. gr. laga nr. 56/1973.

Fulltrúaráðið skal setja sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Úr hópi fulltrúaráðsmanna skal velja yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala og skal hún skipuð 7 mönnum. Í fyrsta sinn skulu 3 stjórnarmenn skipaðir til 5 ára af heilbrigðismálaráðherra að fengnu samþykki St. Jósefsreglunnar og aðrir 4 skipaðir til 10 ára með sömu skilyrðum.

Hvenær sem stjórnarmenn ganga úr yfirstjórninni, skal fulltrúaráðið kjósa menn í þeirra stað. Leita skal staðfestingar heilbrigðismálaráðherra á kosningunni.

Endurkjósa má stjórnarmann.

8. gr.

Stofnunin skal reka St. Jósefsspítala í því formi, sem hann nú er rekinn í, sérstaklega hvað snertir lækniþjónustu.

Stjórn stofnunarinnar skal sjá um, að spítalinn sé rekinn í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda til slíks reksturs.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri spítalans skulu samþykkt af $\frac{2}{3}$ hluta allra fulltrúaráðsmanna og auk þess heilbrigðismálaráðherra.

Verði spítalarekstri hætt, skal sjálfseignarstofnunin leyst upp og skulu allar eignir hennar renna til ríkisins.

Nr. 86.

2. febrúar 1977.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Vatnsnesinga.

Jarðir	Einingar
Tjörn	17
Tunga	22
Engjabrekka	15
Þorgrímsstaðir	14
Ásbjarnarstaðir	14
Gnýstaðir	18

Einingar alls 100

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 87.

3. febrúar 1977.

R E G L U G E R Ð

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í
Þorlákshöfn, nr. 130 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmllest, þó ekki oft en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00